



Ein vatnslitamynda Karólínu Eiríksdóttur. Mynd þessi hefur jafnframt verið valin sem „andlit“ hátíðarinnar.

Kirkjulistahátíð í Hallgrímskirkju

Kirkjulistahátíð í Hallgrímskirkju verður haldin í annað sinn dagana 5.-15. maí í vor. Fyrsta hátíðin var haldin í júní 1987 í nývíðri kirkjunni. Stefnt er að því að halda slíka hátíð annað hvert ár, þegar ekki er Listahátíð í Reykjavík. Listvinafélag Hallgrímskirkju stendur fyrir þessari hátíð, en vegna vaxandi umfangs verður leitað eftir samstarfi við fleiri kirkjur um framkvæmd næstu hátíða og yrðu þá fleiri kirkjur Reykjavíkurprófastsdæmis notaðar.

Dagskráin í ár er fjölbreytt og koma þrjár listgreinar við sögu, tónlist, leiklist og myndlist, auk þess sem helgihaldið verður með hátíðarbrag sem nær hámarki á hvítasunnunni. Á fjórða hundrað manns kemur fram á hátíðinni.

Kostnaður við kirkjulistahátíðina í ár er áætlaður um 5 milljónir króna og vegur langþingst flutningur óratoríunnar Elfa eftir Mendelssohn, með fjórum einsöngvurum, Mótettukór Hallgrímskirkju og Sífonúhljómsveit Íslands og flutningur þriggja einbáttunga eftir dr. Jakob Jónsson. Þegar hafa fengist vilýrði fyrir góðum styrkjum, bæði frá kirkjum, ríki, Reykjavíkurborg og fyrirtækjum, en samt vantar þó nokkuð á að endar nái saman.

Við setningu kirkjulistahátíðarinnar verður opnuð myndlistarsýning í forkirkju Hallgrímskirkju. Sýndar verða tíu vatnslitamyndir eftir Karólínu Lárusdóttur, en hún er búsett skammt frá Cambridge í Englandi. Myndirnar hefur Karólína gert sérstaklega fyrir þessa sýningu, en þær tengjast allar lífi Krists, sagði Karólína í stuttu samtali við Morgunblaðið. Karólína kemur hingað til lands í dag til að vera viðstödd opnun sýningarinnar og jafnframt til að halda upp á 25 ára stúdentsafmæli sitt frá Menntaskóla Reykjavíkur, eins og hún orðaði það. Karólína málaði allar myndirnar á síðasta ári. „Ég bara bið eftir að sjá hvornig þessar myndir mínar líta út í römmum því ég sendi þær allar rammalauser heim til Íslands,“ sagði Karólína.

Fjöldi sjálfboðaliða í söfnuðinum, Listvinafélaginu og Mótettukórnum vinnur ótullega að undirbúningnum, en þeirra framlag er forsenda framkvæmdarinnar. Stjórn Listvinafélags Hallgrímskirkju skipa: Dr. Þór

Jakobsson formaður, Hörður Áskelsson framkvæmdastjóri, Málfríður Finnbogadóttir gjaldkeri, dr. Hjalti Hugason ritari, Snorri Sveinn Friðriksson, Sigríður Jóhannesdóttir og dr. Sigurbjörn Einarsson meðstjórnendur, en Hrólfur Ölvissón stjórnfræðingur hefur verið ráðinn í hlutastarf sem framkvæmdastjóri hátíðarinnar. Biskup Íslands, herra Pétur Sigurgeirsson, er verndari hátíðarinnar.

Miele
ryksugur eru
sterkar
liðugar
hljóðlátar
kraftmiklar
hreinlegar
áreiðanlegar
fallegar



Miele

bidim

SUNDBORG 1 S. 688588 - 688589


Helgi Þorgils Friðjónsson sýnir á Kjarvalsstöðum

LAUGARDAGINN 6. maí kl. 16.00 verður opnuð að Kjarvalsstöðum sýning á nýjum verkum eftir Helga Þorgils Friðjónsson, í boði menningarmálanefndar Reykjavíkurborgar.

Þetta er önnur boðsýning Listasafns Reykjavíkur á þessu ári og stendur hún fram til 21. maí.

Sýningin mun síðan fara til útlanda, fyrst til Norrænu listamiðstöðvarinnar í Sveaborg, þar sem hún verður opnuð 16. júní. Þá til Gallerí Nemo í Eckernförde og loks til Rovaniemi-listasafnsins í Finnlandi.

Helgi Þorgils Friðjónsson hefur á undanförunum árum haldið einkasýningar bæði hér heima og erlendis, ennfremur sem hann hefur tekið þátt í fjölda samsýninga, eins og t.d. sýningunni Nordanad í Musée des Arts Décoratifs í París 1986, Scandinavian Art í Seibu-safninu í Tokyo 1987 og í Rooseum-safninu í Malmö 1988.



Eitt verka Helga Þorgils Friðjónssonar á sýningunni „Grár dagar“.

Verk Helga Þorgils er m.a. að finna í Rooseum-safninu í Malmö, Statens Museum for Kunst í Kaupmannahöfn og Kunsthalle í

Kiel í Þýskalandi.

Sýningin á verkum Helga Þorgils verður opin daglega klukkan 11 - 18.

NYTT HAPPDRETTISÁR

4 HNATT FERÐIR



Mið er möguleiki

3000 UTANLANDSFERÐIR



GEGN BEIDNI

dae

HAPPDRETTI DVALARHEIMILIS
ALDRADRA SJÓMANNA

EFLUM STUDNING VIÐ ALDRADA
MIDI Á MANN FYRIR HVERN ALDRADAN

Ásmundarsalur:

Sýning
Péturs
framlengd

Ákveðið hefur verið að framlengja sýningu Péturs Bjarnasonar í Ásmundarsal við Freyjugötu og lýkur henni n.k. sunnudagskvöld. Pétur sýnir þarna 23 höggmyndir, flestar úr bronsi. Sýningin er opin klukkan 14 til 20. Góð aðsókn hefur verið að sýningunni.